

Þessir skilmálar voru uppfærðir þann 9 júní 2026. Fyrir nýja viðskiptavini tekur þessi útgáfa gildi frá 9 júní 2026. Fyrir núverandi viðskiptavini taka breytingarnar í 3., 4. og 6. köflum gildi þann 10 júlí 2026; allar aðrar breytingar gilda frá 9 júní 2026. Ef þú vilt sjá fyrri útgáfu þessara skilmála, vinsamlegast smelltu [hér](#).

1. Hvaða skjal er þetta?

Þetta skjal („**skilmálarRevPoints**“) ásamt [persónulegu skilmálunum](#) mynda lagalegan samning milli þín og Revolut Bank UAB („**við**“, „**okkur**“, „**okkar**“ eða „**Revolut**“) fyrir RevPoints-vildarkerfið („RevPoints“). Þú verður að eiga Revolut-notandareikning til að nota RevPoints og því munu persónulegu skilmálarnir einnig alltaf eiga við þig þegar þú notar RevPoints. Aðrir skilmálar kunna einnig að eiga við þegar þú notar RevPoints. Þeir verða sýndir með áberandi hætti í Revolut-forritinu („**forritinu**“).

2. Hvað er RevPoints?

RevPoints er vildarþjónusta þar sem þú getur unnið þér inn, geymt og innleyst punkta (einnig kallað „**RevPoints**“ eða „**punktar**“).

Við munum fylgjast með punktunum þínum og sýna þér punktastöðu þína í forritinu.

RevPoints sem þú vinnur þér inn eru vildarpunktar. Þeir eru hvorki peningar né gjaldmiðill og þeim er ekki hægt að skipta út fyrir peninga eða gjaldmiðil. Þá má aðeins nota með því að innleysa þá í samræmi við þessa skilmála RevPoints og þriðju aðilar taka ekki við þeim. Ekki er hægt að nota þá sem greiðslumáta.

RevPoints er ekki greiðsluþjónusta eða greiðslumáti og er ekki eftirlitsskylt. Undirliggjandi greiðsluþjónustan sem þér er veitt samkvæmt persónulegu skilmálunum, í tengslum við vildarþjónustuna, er eftirlitsskyld. Nánari upplýsingar er að finna í persónulegu skilmálunum.

3. Hvernig get ég unnið mér inn og innleyst RevPoints?

Í RevPoints-kerfinu getur þú unnið þér inn punkta á eftirfarandi hátt:

- með því að ljúka aðgerð sem veitir punkta,
- með því að skipta einhverju öðru út fyrir punkta,

- með því að flytja inn punkta úr öðru vildarkerfi, eða
- með öðrum hætti sem við gerum þér kleift að ávinna þér punkta.

(Við köllum þetta „**punktasöfnunaraðgerðir**“.)

Punktar sem hafa ekki verið innleystir gilda í 3 ár eftir að þeirra er aflað. Að þeim tíma liðnum renna þeir varanlega út og ekki er lengur hægt að innleysa þá. Þú getur ekki fengið endurgreiðslu vegna útrunninna punkta. Þú getur séð hvenær punktarnir þínir renna út í forritinu.

RevPoints-kerfið gerir þér einnig kleift að innleysa punkta á eftirfarandi hátt:

- innleysa punktana fyrir ávinning,
- skipta punktum út fyrir eitthvað annað,
- flytja punkta í annað vildarkerfi, eða
- með öðrum hætti sem við gerum þér kleift að innleysa punkta.

(Við köllum þetta „**aðgerðir til að innleysa punkta**“.)

Þegar þú innleysir RevPoints verða allir RevPoints sem þú hefur keypt en hefur ekki enn innleyst innleystir fyrst.

Upplýsingar um tiltekna punktasöfnunaraðgerðir og aðgerðir til að innleysa punkta sem við bjóðum upp á og skilmála þeirra og leiðbeiningar má finna í forritinu. Þetta getur breyst hvenær sem er og kann að vera breytilegt eftir áskriftinni þinni eða staðsetningu.

Ef við breytum eða fjarlægjum punktasöfnunaraðgerðir og aðgerðir til að innleysa punkta reynum við að gefa þér 14 daga fyrirvara en hugsanlega er það ekki alltaf mögulegt. Við höfum rétt til að breyta eða fjarlægja punktasöfnunaraðgerðir og aðgerðir til að innleysa punkta hvenær sem er eða fella niður rétt þinn til aðgangs að þeim ef við teljum að þú hagir þér sviksamlega í tengslum við RevPoints eða sért að misnota RevPoints-kerfið á einhvern hátt. Að því er varðar þessa skilmála RevPoints telstu vera að haga þér sviksamlega eða misnota vildarvörurnar meðal annars (en ekki takmarkað við) með því að misnota endurgreiðslur og skil eða eiga við tækni þjónustunnar.

Fjöldi punkta sem safnast eða hægt er að verja í einhverja tiltekna punktasöfnunaraðgerð eða aðgerð til að innleysa punkta er breytilegur og getur breyst

hvenær sem er. Við sýnum þér alltaf fjölda punkta sem þú munt vinna þér inn eða innleysa í forritinu áður en þú framkvæmir aðgerðina.

Við munum alltaf bjóða upp á minnst eina punktasofnunaraðgerð og eina aðgerð til að innleysa punkta. Hins vegar ábyrgjumst við ekki að bjóða upp á aðgerð í öllum flokkum punktasofnunaraðgerða og aðgerða til að innleysa punkta sem tilgreindir eru hér að ofan og það er ekki víst að það sé alltaf gert.

Ef þú lýkur við aðgerð gæti það veitt þér aðgang að fleiri punktasofnunaraðgerðum og aðgerðum til að innleysa punkta til viðbótar. Til dæmis gæti það að virkja SpareChange eða uppfæra greidda áskrift (sjá frekari upplýsingar í [skilmálum greiddra áskrifta](#)) veitt þér aðgang að fleiri punktasofnunaraðgerðum og aðgerðum til að innleysa punkta. Ef slíkar aðgerðir eru í boði fyrir þig munum við sýna þær ásamt punktasofnunaraðgerðunum og aðgerðunum til að innleysa punkta sem eru í boði til viðbótar vegna þessa í forritinu.

Kaup á RevPoints

Þú getur keypt RevPoints með því að nota valkostina sem sýndir eru í forritinu.

Þetta felur í sér alla RevPoints sem þú kaupir með því að nota RevPoints SpareChange. Þetta er valfrjáls eiginleiki þar sem þú getur valið að námunda allar kortafærslur og nota mismuninn til að kaupa punkta. Gengi RevPoints SpareChange birtist í forritinu þegar þú virkjar það. Ef við gerum breytingar á gengi RevPoints SpareChange gefum við þér 30 daga fyrirvara.

4. Hvenær á ég ekki rétt á RevPoints?

Ef þú lokar notandareikningnum þínum mun innistæðan í RevPoints glatast. Þú getur ekki fengið endurgreitt vegna RevPoints sem þú hefur keypt nema ef þú nýtir rétt þinn til afturköllunar eins og lýst er hér að neðan.

Þú verður að virkja RevPoints til að nota það. Ef þú virkjar ekki RevPoints getur þú ekki unnið þér inn punkta eða notað RevPoints-eiginleikana í forritinu.

Þú hefur rétt til að falla frá þessum samningi án endurgjalds og af hvaða ástæðu sem er innan 14 daga frá því að þú samþykkir þessa skilmála RevPoints. Hafðu samband við okkur í gegnum spjallið sem er að finna í hjálparhlutanum í forritinu (þú getur afturkallað samþykkið með þessu [eyðublaði](#) en það er ekki skylda). Ef þú gerir það endurgreiðum við þér alla punkta sem þú hefur keypt en ekki notað. Allir punktar sem þú hefur áunnið þér á einhvern annan hátt falla niður.

Þú getur lokað RevPoints-reikningnum hvenær sem er með því að hafa samband við okkur í gegnum spjallið sem er að finna undir hjálparhlutanum í forritinu eða á annan hátt sem við gerum aðgengilegan í appinu. Ef þú gerir það mun punktainnistæðan þín glatast.

Í tilfellum þar sem punktasöfnunaraðgerð krefst þess að þú kaupir eitthvað verða kaupin að fara fram með Revolut-kortinu þínu og vera raunveruleg kaup á vörum eða þjónustu til að eiga rétt á punktum. Til dæmis teljast viðskipti með reiðufé eða svipað (eins og fjármálaþjónusta (þ.m.t. rafmynt), úttektir á peningum eða millifærslur) ekki kaup á vörum eða þjónustu og eru ekki gjaldgeng.

Viðskipti við ákveðnar tegundir söluaðila eru ekki gjaldgeng fyrir punkta. Lista yfir þessar tegundir söluaðila má finna [hér](#). Þessi listi kann að vera uppfærður hvenær sem er án fyrirvara.

Tap á aðgangi að RevPoints eða tap á punktum

Við kunnum að loka fyrir aðgang þinn að RevPoints eða ógilda punkta sem þú hefur fengið ef við teljum eða grunur leikur á að þú hafir:

- brotið gegn þessum skilmálum RevPoints eða öðrum skilmálum sem eiga við um notandareikninginn þinn,
- bakfært eða afturkallað aðgerð sem vann þér inn punkta, eða
- hagað þér sviksamlega eða á annan hátt misnotað, eða leitast við að misnota, RevPoints-vildarkerfið.

Ef við ógildum punkta sem þú átt munum við tilkynna þér um það.

Tap á punktum þegar reikningnum þínum er lokað er varanlegt, óháð því hvort reikningnum þínum er lokað af þér eða okkur. Þú getur ekki fengið endurgreiðslu fyrir punkta sem þú hefur unnið þér inn eða keypt. Þú getur forðast að tapa punktunum þínum með því að innleysa punktana áður en reikningnum þínum er lokað.

5. Eru innheimt gjöld fyrir þetta?

Það eru engin gjöld fyrir að skrá sig í kerfið, fyrir punktasöfnunaraðgerðir eða fyrir að geyma punkta.

Gjöld kunna að vera innheimt fyrir einhverjar aðgerðir til að innleysa punkta. Þegar þessi gjöld eiga við kemur það skýrt fram í leiðbeiningunum um aðgerðina til að innleysa punkta og í forritinu áður en þú ferð áfram með ferlið.

6. Ógilding punkta og úrbætur

Ef þú vinnur þér inn punkta með því að ljúka við punktasöfnunaraðgerð og afturkallar svo aðgerðina sem þú laukst við munum við sjálfkrafa ógilda punktana þína.

Ef við þurfum að ógilda punkta sem þú hefur þegar eytt getur RevPoints-innistæðan þín orðið neikvæð. Dæmi: þú vinnur þér inn 100 punkta með því að eyða peningum með Revolut-kortinu þínu. Þú innleysir þessa punkta fyrir punkta hjá flugfélagi og ert því með punktastöðuna 0. Síðan skilar þú því sem þú keyptir og þá verður punktastaðan -100.

Þú verður að ljúka við punktasöfnunaraðgerð til að koma neikvæðu punktastöðunni að minnsta kosti upp í 0 án tafar. Þú samþykkir að við höfum rétt til að skuldfæra notandareikninginn þinn og kaupa punkta til að koma innistæðunni í 0 ef þú bætir ekki úr neikvæðri innistæðu innan 10 daga. Við látum þig vita áður en við gerum þetta.

Þú samþykkir að við höfum rétt til að bæta úr neikvæðri punktastöðu þinni með því að skuldfæra notandareikninginn þinn strax og án fyrirvara ef verðmæti neikvæðra punkta þinna er yfir 10 evrum (eða jafngildi í staðbundnum gjaldmiðli) eða við teljum að þú hafir sýnt af þér misnotkun eða sviksemi í tengslum við RevPoints á einhvern hátt. Ef við gerum það verður upphæðin sem við innheimtum fyrir hvern punkt ekki hærri en 0,02 evrur (eða jafngildi í staðbundnum gjaldmiðli). Ef við gerum þetta látum við þig vita í gegnum forritið.

7. Hvenær getum við breytt þessum skilmálum RevPoints?

Ef við gerum einhverjar breytingar á þessum skilmálum RevPoints sem eru þér í óhag gefum við þér minnst 30 daga fyrirvara. Ef þú ert ekki sammála breytingunni geturðu lokað RevPoints-reikningnum þínum. Ef þú gerir það samþykkir þú að tapa öllum RevPoints sem þú hefur ekki notað fyrir lokunina. Ef breytingarnar eru ekki óhagstæðar fyrir þig gætum við gert þær strax.

8. Kvartanir

Ef þú ert ekki ánægð(ur) með þjónustuna sem þú fékkst í tengslum við RevPoints munum við gera okkar besta til að bæta úr því, þar sem sú þjónusta er rekin af okkur. Ef þú ert með kvörtun vegna RevPoints skaltu hafa samband við okkur í hlutanum „Hjálp“ í appinu, sendu okkur tölvupóst á formalcomplaints@revolut.com eða fylla út þetta [eyðublað](#). Við munum fara yfir kvörtunina þína og reyna að leysa málið í gegnum tölvupóst eins fljótt og auðið er. Þar sem RevPoints er ekki eftirlitsskyld þjónusta er þó ekki hægt að líta á kvörtun þína sem kvörtun vegna eftirlitsskyldrar fjármálaþjónustu.

Ef þú ert óánægð(ur) með hvernig við höfum brugðist við kvörtun þinni getur þú vísað henni til neytendastofu ríkisins innan 1 (eins) árs frá því að þú sendir okkur kvörtunina.

Heimilisfang hennar er: Vilniaus str. 25, 01402, Vilnius, Lýðveldið Litháen. Frekari upplýsingar má finna á [heimasíðu](#) hennar.

Rannsókn á kvörtuninni hjá neytendastofu ríkisins er þér að kostnaðarlausu.

Þú getur einnig borið fyrir þig lögboðnar reglur um neytendavernd í EES-landinu þar sem þú býrð.

9. Gögnin þín

Revolut mun vinna úr persónuupplýsingum þínum við að veita þér RevPoints og með því að sérsníða upplifunina þína. Einkum kunnum við að deila persónuupplýsingum þínum með þriðju aðilum þegar þú notar RevPoints í þessum tilfellum:

- Við gerum þetta þar sem það er nauðsynlegt til að gera þér kleift að innleysa RevPoints (til dæmis ef þú flytur punkta til samstarfsaðila til að fá punkta hjá flugélagi munum við deila nafni þínu og aðildarnúmeri með þeim). Það er nauðsynlegt til að uppfylla skyldur okkar samkvæmt þessum skilmálum RevPoints.
- Í sumum tilvikum deilum við ópersónugreinanlegum gögnum með þriðju aðilum sem við vinnum með til að bjóða RevPoints-tilboð svo að þeir geti staðfest að þú hafir gert gjaldgeng kaup hjá þeim og/eða til að hjálpa þeim að setja markmið og framkvæma greiningar fyrir RevPoints-tilboðin sín. Við gerum þetta annað hvort til vegna þess að það er nauðsynlegt til að uppfylla skuldbindingar okkar undir þessum skilmálum RevPoints eða á grundvelli lögmætra hagsmuna okkar (þ.e. að bjóða upp á samkeppnishæfa vöru).

Frekari upplýsingar um hvernig Revolut vinnur persónuupplýsingarnar þínar er að finna í [persónuverndaryfirlýsing fyrir viðskiptavinum](#) og [persónuverndaryfirlýsing vegna](#)

vöru (sem inniheldur upplýsingar um það hvernig Revolut sérsníður RevPoints upplifun þína).

10. Lagaleg atriði

Upplýsingar um fyrirtæki og regluverk	Revolut Bank UAB (fyrirtæki sem er skráð og með starfsleyfi í Lýðveldinu Litáen, með fyrirtækjanúmerið 304580906 og skráða skrifstofu á Konstitucijos ave. 21B, 08130 Vilnías, Lýðveldið Litháen)
Gildandi lög	Að því marki sem lög leyfa skulu þessir skilmálar RevPoints eingöngu falla undir og vera túlkaðir í samræmi við lög Litáen. Þú getur áfram borið fyrir þig lögboðnar reglur um neytendavernd í EES-landinu þar sem þú býrð.
Deilur	Öll ágreiningsmál sem upp koma vegna eða í tengslum við þessa skilmála RevPoints skulu eingöngu lögð fyrir og meðhöndluð af lögbærum dómstóli í Litáen (eða fyrir dómstólum í því EES-ríki þar sem þú býrð).
Framfylgdarkostnaður	Eins og heimilt er samkvæmt staðbundnum lögum kunnum við að skuldfæra á Revolut-notandareikninginn þinn fyrir eðlilegum kostnaði við að framfylgja þessum RevPoints-skilmálum. Slíkur kostnaður kann að fela í sér kostnað við að vakta þig, innheimtukostnað og lögfræðikostnað. Við rukkum þig aðeins vegna kostnaðar sem við getum sannað að við höfum í raun stofnað til. Gjaldalagi þessa kostnaðar og greiðsla eru tafarlaus.
Samningurinn í heild sinni	Þessir skilmálar RevPoints, ásamt persónulegu skilmálunum, skilmálum sérhverrar punktasöfnunaraðgerðar og aðgerðar til að innleysa punkta sem þú notar og öllum öðrum skilmálum sem eru felldir inn í þessi skjöl með tilvísun, teljast heildstæður samningur á milli þín og Revolut í tengslum við RevPoints. Til að taka af allan vafa eru

Upplýsingar um fyrirtæki og regluverk	Revolut Bank UAB (fyrirtæki sem er skráð og með starfsleyfi í Lýðveldinu Litáen, með fyrirtækjanúmerið 304580906 og skráða skrifstofu á Konstitucijos ave. 21B, 08130 Vilnús, Lýðveldið Litháen)
	algengar spurningar ekki hluti af samningi okkar við þig.
Réttur okkar til að framfylgja þessum RevPoints-skilmálum	Ef þú hefur brotið gegn einhverjum skilmálum þessa samnings og við nýtum ekki réttindi okkar samstundis áskiljum við okkur rétt til að nýta þau síðar.
Þessir RevPoints-skilmálar eru aðskiljanlegir	Ef eitthvað í þessum RevPoints-skilmálum verður úrskurðað ólögmætt skulu aðrir hlutar RevPoints-skilmálanna halda gildi sínu þrátt fyrir það.
Þriðju aðilar hafa ekki réttindi	Þriðju aðilar hafa ekki réttindi samkvæmt þessum RevPoints-skilmálum.
Gildistími	Eftirfarandi ákvæði þessara skilmála RevPoints munu halda gildi sínu við eða eftir uppsögn eða lokun á reikningi þínum og halda að öðru leyti fullu gildi: 6 (Neikvæð staða og úrbætur) 9 (Gögnin þín)
Bótaábyrgð	Að því marki sem lög leyfa berum við ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tapi eða tjóni sem þú verður fyrir vegna einhvers sem við höfum ekki stjórn á eða aðstæðna sem eru óhjákvæmilegar þrátt fyrir viðeigandi aðgát af okkar hálfu. Þetta geta til dæmis verið bilanir hjá þriðja aðila, íhlutun eða skyldur samkvæmt lögum eða regluverki og vandamál tengd vélbúnaði eða hugbúnaði. Við berum aðeins ábyrgð á fyrirsjáanlegu tapi. Ef við brjótum gegn þessum RevPoints-skilmálum berum við aðeins ábyrgð á tjóni sem við hefðum getað séð fyrir þegar við samþykktum þessa RevPoints-skilmála. Við berum ekki ábyrgð á óbeinu tapi sem þú verður fyrir í tengslum við

Upplýsingar um fyrirtæki og regluverk	Revolut Bank UAB (fyrirtæki sem er skráð og með starfsleyfi í Lýðveldinu Litáen, með fyrirtækjanúmerið 304580906 og skráða skrifstofu á Konstitucijos ave. 21B, 08130 Vilnías, Lýðveldið Litháen)
	RevPoints-reikninginn sem þú átt, til dæmis: glötuðum tækifærum, glötuðum viðskiptum eða glötuðum hagnaði.